

Breikkun eignarskattstofnsins og áhrif á tekjur.

Samkvæmt framtali fyrir árið 1992 voru vegar eignir einstaklinga í árslok um 716 milljarðar króna. Skuldir þeirra voru um 233 milljarðar króna og nettó eign þeirra því um 493 milljarðar króna.

Skattskyld eign er hins vegar lægri sem nemur skattfrjálsum eignum, þ.e. bankainnistæðum, ríkisverðbréfum og hlutabréfum að hluta til. Slíkar eignir voru um 56 milljarðar skv. framtali og skattskyld eign þá um 436 milljarðar króna.

Skattstofn eignarskatts er hins vegar um 471 milljarðar króna þar sem skuldir umfram eignir hjá einstaklingum með neikvæða eignarstöðu voru um 35 milljarðar króna.

Samsetning eigna var þessi í milljörðum króna.

Fasteignir	498
Ökutæki	60
Peningal. eignir	
a) skattskyldar	43
b) skattfrjálsar	56
Aðrar eignir	59

Samtals eignir	716
Skuldir	223
Hrein eign einstaklinga	486

Nettóeign lögaðila með jákvæða eignarstöðu var um 93 milljarðar króna.

Um 15 % einstaklinga var með neikvæða eignarstöðu og voru skuldir þeirra alls um 90 milljarðar króna og rúmlega 30 milljörðum króna umfram eignir. Hrein eign þeirra sem áttu eignir umfram skuldir var um 517 milljarðar króna. Þar af mynduðu um 460 milljarðar skattstofn en um 56 milljarðar voru skattfrjálsir.

Samkvæmt áætlunum frá Seðlabanka Íslands eru peningalegar eignir 1) heimilanna 2) í árslok 1990 og 1992 verulega hærri en fram kemur í framtölum sbr., eftirfarandi:

1) Peningalegar eignir hér taka ekki til seðla og eingöngu til formlegra skulda lánastofnana og fjármálastofnana við aðila utan lánakerfisins.

2) Með heimilum er hér átt við aðra en lögaðila. Misræmi verður því á milli þessara talna og upplýsinga úr skattframtölum vegna einstaklinga með rekstur.

	Milljarðar króna.	
	<u>1990</u>	<u>1992</u>
Innistæður í bönkum	88	98
Bankabréf, veðdeildarbréf, bankavíxlar, bréf eignarleiga og fjárfestingarsjóða	15	10
Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða	15	9
Spariskírteini ríkissjóðs	18	26
Ríkisbréf og ríkisvíxlar		2
Húsbréf	2	11
Önnur verðbréf	<u>8</u>	---
Samtals	146	156

Séu framtöl leiðrétt með tilliti til upplýsinga frá Seðlabankanum og notuð sú flokkun, sem skattskýrslur gera ráð fyrir m.t.t. skattalegrar meðferðar, má stilla upp eftirfarandi áætlun um peningalegar eignir í milljörðum króna í árslok 1992:

	Framtal	Áætlun
	<u>1992</u>	<u>1992</u>
Eignarskattsfrjáls verðbréf	23	39*
Innlendar innistæður o.fl.	37	98
Verðbréf og útst. skuldir	<u>21</u>	<u>23**</u>
Samtals	81	160

* Spariskírteini, húsbréf og 2 mrd kr. í verðbréfasjóðum

** Kröfur milli einstaklinga ekki innifaldar í tölum SÍ, áætlaðar 4 mrd kr.

Samkvæmt þessum tölum má ætla að nálægt helmingur peningalegra eigna eða um 80 milljarðar króna sé ekki talinn fram.

Álagðir eignarskattar.

Álagning skatta á eignir einstaklinga fer eftir þeim reglum að á eign undir 3.527 þús. kr. hjá einstaklingi og tvöfalda þá fjárhæð hjá hjónum er ekki lagður skattur. Á eignir umfram þau mörk er lagður 1,2% skattur. Á eignir umfram 9.874 þús. kr. hjá einstaklingi og tvöfalda þá fjárhæð hjá hjónum er lagður 0,75% skattur með ívílnunum fyrir tekjulága. Að auki er lagður sérstakur eignarskattur 0,25% á eign einstaklings umfram 5.097 þús. kr. og eign hjóna umfram tvöfalda þá fjárhæð. Skattborgarar 67 ára og eldri eru undanþegnir sérstaka eignarskattinum.

Skattur lagður á eignir í árslok 1992 skv. þessum reglum var:

<u>Einstaklingar:</u>		
Skattur skv. lægra hlutfalli (1,2%)	1.850	m. kr.
Skattur skv. hærra hlutfalli (0,75%)	166	m. kr.
Sérstakur eignarskattur (0,25%)	184	m. kr.
Samtals einstaklingar	2.199	m. kr.

<u>Lögaðilar:</u>		
Almennur eignarskattur (1,2%)	1.113	m. kr.
Sérstakur eignarskattur (0,25%)	232	m. kr.
Samtals lögaðilar	1.345	m. kr.
Eignarskattur alls	3.544	m. kr.

Afnám skattfrelsis.

Eins og fram er komið eru skattfrjálsar eignir einstaklinga um 56 milljarðar króna. Yrði skattfrelsi þessara eigna afnumið án frekari breytinga er áætlað að álagning yrði sem greinir hér á eftir. Er þá gert ráð fyrir að dreifing skattfrjálsra eigna á eignabil sé hin sama og dreifing innistæðna og ríkisverðbréfa en þeir eignaflokkar eu uppistaða skattfrjálsra eigna.

<u>Einstaklingar:</u>		
Skattur skv. lægra hlutfalli (1,2%)	2.369	m. kr.
Skattur skv. hærra hlutfalli (0,75%)	326	m. kr.
Sérstakur eignarskattur (0,25%)	277	m. kr.
Samtals einstaklingar	2.972	m. kr.

<u>Lögaðilar:</u>		
Almennur eignarskattur (1,2%)	1.113	m. kr.
Sérstakur eignarskattur (0,25%)	232	m. kr.
Samtals lögaðilar	1.345	m. kr.
Eignarskattur alls	4.317	m. kr.

Álagðir skattar á einstaklinga myndu með þessari breytingu hækka um nálægt 770 m. kr. Þar af hækkar sérstaki skatturinn um rúmlega 90 m.kr. en almenni skatturinn hækkar um nálega 680 m.kr.

Áhrif einstakra breytinga álagningarstærða eru lauslega áætlaðar þessar í m. kr.:

Lækkun lægra þreps skatthlutfalls um 0,1%	-290
Lækkun efra þreps skatthlutfalls um 0,1%	-45
Lækkun sérstaka skattsins um 0,01%	-20
Lækkun neðri marka um 100.000	+67
Lækkun neðri marka um 1.000.000	+780
Lækkun fasteignamats um 10 %	-345
Lækkun fasteignamats um 25 %	-800

Breytt framtalsskil.

Samanburður á skattframtali og upplýsingum Seðlabanka um peningalegar eignir einstaklinga hér að framan sýnir að u.þ.b. 80 milljarðar króna af slíkum eignum eru ekki taldar fram. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvernig þessar eignir dreifast. Áætla má áhrif á skatttekjur ef þessar eignir yrðu taldar fram með því að gefa sér að dreifing þeirra sé með tilteknum hætti. Hér á eftir verður áætlað hver áhrifin verða ef reiknað er með að dreifing óframtalinna peningalegra eigna sé hin sama og þeirra sem fram eru taldar.

a. Helmingur vanframtalinna eigna skattlagður.

Séu álagningarstærðir, þ.e. skatthlutföll og eignamörk óbreytt, en gert ráð fyrir að helmingur "dulinna" eigna, þ.e. 40 milljarðar króna skili sér á framtöl yrði álagning þessi:

Einstaklingar:

Skattur skv. lægra hlutfalli (1,2%)	2.765	m. kr.
Skattur skv. hærra hlutfalli (0,75%)	445	m. kr.
Sérstakur eignarskattur (0,25%)	339	m. kr.
Samtals einstaklingar	3.548	m. kr.

Lögaðilar:

Almennur eignarskattur (1,2%)	1.113	m. kr.
Sérstakur eignarskattur (0,25%)	232	m. kr.
Samtals lögaðilar	1.345	m. kr.

Eignarskattur alls 4.893 m. kr.

Hækkun álagðra eignarskatta frá óbreyttu ástandi væri um 1.350 m.kr og hækkun umfram það eitt að afnema skattfrelsi væri um 580 m.kr. Hækkun sérstaka eignarskattsins væri um 155 m.kr. umfram óbreytt ástand.

b. Allar vanframtaldar eignir skattlagðar.

Sé gert ráð fyrir að allar vanframtaldar eignir skili sér til álagningar yrði hún sem hér greinir:

Einstaklingar:

Skattur skv. lægra hlutfalli (1,2%)	3.160	m. kr.
Skattur skv. hærra hlutfalli (0,75%)	563	m. kr.
Sérstakur eignarskattur (0,25%)	400	m. kr.
Samtals einstaklingar	4.124	m. kr.

Lögaðilar:

Almennur eignarskattur (1,2%)	1.113	m. kr.
Sérstakur eignarskattur (0,25%)	232	m. kr.
Samtals lögaðilar	1.345	m. kr.

Eignarskattur alls 5.468 m. kr.

Í þessu tilviki hækka álagðir eignarskattar um 1.924 m. kr frá óbreyttu ástandi. Þar af er hækkun sérstaka eignarskattsins um 216 m.kr.